

Reglugerð um aðgönguskírteini

1. Grein

GERÐIR SKÍRTEINA

Blaksamband Íslands (BLÍ) gefur út aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að blakleikjum. BLÍ ákveður með hvaða hætti skírteinin skulu vera gefin út hverju sinni. BLÍ skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini.

- a. Aðgönguskírteini A, sem gildir fyrir tvo á alla leiki.
- b. Aðgönguskírteini B, sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- c. Aðgönguskírteini D, dómaraskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- d. Aðgönguskírteini F, fjölmiðlaskírteini sem gildir fyrir einn á alla leiki.
- e. Aðgönguskírteini L, leikmannaskírteini sem gildir eingöngu fyrir einn á alla deildarleiki í efstu deild karla og kvenna.

2. grein

RÉTTAHAFAR SKÍRTEINA

- a. Aðgönguskírteini A skal gefið út til tveggja ára til:
 - a) stjórnar BLÍ,
 - b) fastanefnda BLÍ,
 - c) áfrýjunardómstóls BLÍ,
 - d) starfsmanna BLÍ,
 - e) formanna blakdeilda,
 - f) forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ,
 - g) gullmerkishafa BLÍ,
 - h) fyrrverandi formanna BLÍ,
 - i) samstarfsaðila BLÍ,
 - j) landsliðspjálfara BLÍ,
- c. Aðgönguskírteini B skal gefið út til stjórnarmanna og þjálfara félaga í efstu deild karla, efstu deild kvenna,

- d. Aðgönguskírteini D skal gefið út til virkra dómara og eftirlitsdómara skv. ákvörðun dómaranefndar.
- d. Aðgönguskírteini F skal gefið út til þeirra fjölmiðlamanna sem fjalla um íþróttir.
- e. Aðgönguskírteini L skal gefið út til þeirra leikmanna sem spila í efstu deild karla og kvenna og gildir skírteinið eingöngu á venjulega deildarleiki efstu deildar karla og kvenna samkvæmt ákvörðun formannafundar.

3. grein

NOTKUN SKÍRTEINA

Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir rétthafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á hvern einstakling. Starfsmenn í miðasölu geta óskað eftir að einstaklingar með aðgönguskírteini sýni skilríki með mynd þegar aðgönguskírteini er framvísað.

Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því. Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.

Þegar um bikarúrslit, leiki í úrslitakeppnum og landsleiki er að ræða getur BLÍ krafist þess að rétthafar skírteina sæki aðgöngumiða gegn framvísun skírteinis á fyrirfram auglýstum tíma og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf á leikstað. Slíkt fyrirkomulag skal auglýst á heimasíðu BLÍ sem og í tölvupósti til félaga BLÍ. Félög sem leika í úrslitakeppnum geta einnig í samráði við BLÍ fengið leyfi til að krefjast þess sama, það er að handhafar aðgönguskírteina, nálgist miða á fyrirfram auglýstum tíma og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf á leikstað. Þetta fyrirkomulag þarf að auglýsa minnst þremur sólahringum fyrir viðkomandi leik af félaginu sem og BLÍ.

Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik. Þann rétt þarf að nýta í síðasta lagi 24 klst. fyrir auglýstan leiktíma.

4. grein

ÚTGÁFA

Skrifstofa BLÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði BLÍ. Félög skulu senda skrifstofu BLÍ nafnalista fyrir 1. september ár hvert.